

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

372. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 24.03.2017, kl.07:30.

Mættir:

Halldór Auðar Svansson, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Guðmundur Geirdal, Sturla Þorsteinsson, Bjarni Torfi Álfspórsson og Rósa Guðbjartsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni Hjarðar, Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri og Guðrún Eva Jóhannesdóttir verðandi skrifstofustjóri. Gestir fundarins undir lið 1 og 2 voru Hörður Felix Harðarson hrl og borgarlögmaður Kristbjörg Stephensen. Gestir fundarins undir lið 7 voru Þröstur Sigurðsson og Snædís Helgadóttir frá Capacent.

Tekið fyrir:

- 1. Niðurstaða Hæstaréttar Íslands í máli SORPU bs. gegn Samkeppniseftirlitinu**
Hörður Felix Harðarson fór yfir forsendur og niðurstöður dóms Hæstaréttar í máli SORPU gegn Samkeppniseftirlitinu. Farið var yfir þau áhrif sem dómurinn kann að hafa. Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að málið verði kynnt stjórn SHH.
- 2. Krafa Íslenska gámafélagsins um skaðabætur**
Lagt fram bréf OK Lögmanna fyrir hönd Íslenska gámafélagsins um skaðabótakröfu í ljósi niðurstöðu í máli SORPU gegn Samkeppniseftirlitinu. Stjórn SORPU hafnar kröfunni og felur framkvæmdastjóra og lögmanni að svara bréfi OK Lögmanna.
- 3. Rein 20 í Álfsnesi**
Framkvæmdastjóri og yfirverkfræðingur fara yfir verkefnið sem stjórn tók ákvörðun um á stjórnarfundum nr. 362 þann 25. maí 2016. Yfirverkfræðingur kynnti mótvægisáðgerðir sem ætlað er að koma til móts við áhyggjur yfirvalda og íbúa í Mosfellsbæ. Jafnframt kynnti yfirverkfræðingur vinnu við líkanagerð sem send verður bæjaryfirvöldum í Mosfellsbæ þegar það er tilbúið. Jafnframt kynnti framkvæmdastjóri fyrirspurn skipulagsyfirvalda í Reykjavík um framkvæmdina og svör SORPU. Stjórn ítrekar að urðun verði hætt 2020.
- 4. Eigendasamkomulag**
Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri kynna fundargerð stýrihóps gas- og jarðgerðarstöðvar sem fram fór 17. mars 2017. Jafnframt kynnti framkvæmdastjóri minnisblað dagsett 21. mars 2017 þar sem farið er fyrir þau atriði sem sérstaklega eru tiltekin í eigendasamkomulaginu frá 25. október 2013 og hver staða á einstökum atriðum er. Stjórn ítrekar að áfram verði unnið eftir eigendasamkomulagi.

KCT

SP

HAS

SRK

BITA

- 5. Starfsleyfi vegna urðunar í Álfsnesi**
Framkvæmdastjóri leggur fram minnisblað dagsett 23.3.2017 lögmanns um möguleika SORPU til næstu skrefa vegna ákvörðunar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála um að fella úr gildi starfsleyfi til urðunar. Formanni og framkvæmdastjóra falið að funda með skipulagsyfirvöldum í Reykjavík um mögulegt framhald.
- 6. Uppgjör endurvinnslustöðvanna vegna ársins 2016**
Lagt fram bréf Garðabæjar vegna uppgjors endurvinnslustöðvanna dags. 17. mars 2017. Jafnframt lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra um sama málefni dags. 22. mars 2017. Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að svara bréfi Garðabæjar ásamt því að senda erindi á stjórn SSH vegna sama máls.
- 7. Viðræður við Sorpeyðingarstöð suðurnesja sf. (Kölku)**
Kynnt staða viðræðna SORPU og Kölku um hugsanlega sameiningu eða frekara samstarf. Jafnframt kynnt drög að verðmati. Stjórn vísar málinu til meðferðar hjá eigendavettvangi.
- 8. Ósk Sorpstöðvar suðurlands um framlengingu samnings**
Lögð fram aftur ósk Sorpstöðvar Suðurlands um framlengingu samnings um móttöku úrgangs frá suðurlandi. Erindinu fylgir tímaáætlun um hvernig Sorpstöðin hyggst vinna að málum til framtíðar. Stjórn samþykkir að framlengja samninginn til eins mánaðar og vísar málinu til meðferðar á eigendavettvangi.
- 9. Fulltrúi stjórnar SORPU á aðalfundi Metan ehf.**
Stjórn ákveður að stjórnarformaður fari með atkvæði á aðalfundi Metan ehf. sem haldinn verður í apríl.
- 10. Sameiginlegt útboð á ytri endurskoðun**
Lagt fram erindi endurskoðunarnefndar vegna útboðs á ytri endurskoðun. Málið rætt. Stjórn samþykkir að taka þátt í sameiginlegu útboði.
- 11. Erindi Gámaþjónustunnar vegna plastsöfnunar í Kópavogi**
Erindi Gámaþjónustunnar frá 16. nóvember 2016 lagt fram aftur. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga frá svarbréfi til Gámaþjónustunnar.
- 12. Málefni endurvinnslustöðva – ný stöð á norðursvæði / hugmyndir um „Grófa hirðinn“.**
Málinu frestað.
- 13. Niðurstaða neyslukönnunar Gallup**
Málinu frestað.
- 14. Kynning á rýnifundargerð stjórnenda**
Frestað til næsta fundar.
- 15. Fyrirkomulag um flokkun á heimilisúrgangi.**
Stjórn beinir því til eigendavettvangs að hraða fyrirhuguðum vinnufundi um framtíðarfyrirkomulag sorpmála á höfðuborgarsvæðinu. Fulltrúar Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Mosfellsbæjar óska eftir að á næsta stjórnarfundum verði lagðar fram upplýsingar um kostnað og möguleika sveitarfélaganna á söfnun á plasti.
- 16. Næsti fundur**
Næsti fundur stjórnar SORPU 28. apríl kl. 07:30

KGB

ZG

sp

BTD LIAS

sub

Ri. H

Rg

Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri lætur af störfum um næstu mánaðarmót og er þetta því síðasti stjórnarfundurinn sem hún situr. Stjórn þakkar Sigríði farsælt og óeigingjarnt starf í þágu félagsins síðustu 25 ár.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 10:30.

Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Stalldór Auðvar Svansson
blunda postmennin

Rita

Kolbrún Guðvörðsdóttir

Boj Tak

Guðrún E.

Guðrún E. Jóhannesdóttir

Bjarni Hjartar

Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Esse